

2  
2. jan.

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hellissands.

### 1. gr.

Hreppsnefnd hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

### 2. gr.

Hreppsnefnd hefur þegar lagt stofnæðar um þorpið, samkvæmt staðfestum skipulagsuppdraetti, en notendur annast lagningu æða þaðan að húsum á eigin kostnað. Sé um langa leiðslu að ræða, greiðir hreppsnefnd mismun á kostnaðarverði pípa er því nemur, sem þau þurfa að vera gildari en ½ þuml., ef 2 eða fleiri húseigendur hafa samtök um sameiginlega stofnlögn.

### 3. gr.

Hreppsnefnd hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt er henni að ráða umsjónarmenn og innheimtumann, er hafi á hendi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefndin setur honum. Hreppsnefnd og umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun.

### 4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Hellissands, skal senda hreppsnefnd skriflega umsókn þar um.

### 5. gr.

Skylt er húseigendum að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim.

### 6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum og tenginga á heimæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrir fram, ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

### 7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka fyrir vatnið hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsveitum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiði ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

### 8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

## 9. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, geymana eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

2

2. jan.

## 10. gr.

Af öllum íbúðarhúsum í Hellissandskaupþúni, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt kr. 365.00 á ári og 1% af fasteignamati húsa. Auk þess skal greiða kr. 200.00 fyrir hverja íbúð, sem búið er í umfram eina í hverju húsi, enn fremur kr. 50.00 fyrir hvern nautgrip, en hálf gjald fyrir vetrung. Sé vatn notað til annars en almennra heimilisparfa, svo sem í sláturhús, söltunarhús og beitingahús, skal greiða gjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd, þó ekki undir 150.00 á ári miðað við ½" vatnshana.

## 11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert. Húseigandi ber ábyrgð á vatnsskatti af húseigninni. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki án tillits til eigendaskipta.

Fyrir vatnsnotkun þá, er þegar hefur farið fram, greiðist hlutfallsgjald frá þeim tíma, er húseigandi fékk vatn í hús sitt, til næstu áramóta.

## 12. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 20% (20 af hundraði).

## 13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar allt að kr. 500.00 sekt, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 21. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. janúar 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Jónas Guðmundsson.*

## S A M Þ Y K K T

fyrir veiðifélag Hrútafjarðarár og Síkár.

3

7. jan.

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Hrútafjarðarár og Síkár. Er félagssvæðið Hrútafjarðará að Réttarfossi, Síká að næsta fossi fyrir ofan Gránes og Miklagil að neðsta fossi.

Heimili þess og varnarþing er heimili formanns á hverjum tíma, enda sé hann búsettur á félagssvæðinu.

## 2. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskgengd í ánum með þeim ráðum, sem henta á hverjum tíma og vinna að viðhaldi góðrar fiskgengdar í þeim og leigja þær til stangaveiði.